

Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu tæpum 1,9 milljörðum króna í júní en þar af voru rúm 1,7 milljarðar króna vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í júní 2010 tæpum 1,6 milljörðum króna. Meðalútlán almennra lána voru um 10,3 milljónir króna í júní en um 10,5 milljónir í maí síðastliðnum. Heildarfjárhæð almennra lána fyrstu 6 mánuði ársins er samtals um 11,4 milljarðar króna en var um 7,6 milljarðar króna á sama tímabili 2010.

Þann 21. júní síðastliðinn voru samningar undirritaðir í tengslum við viðskiptavakt á eftirmarkaði og útgáfu íbúðabréfa. Markmið með samningum sem þessum er að styrkja aðgang íbúðalánasjóðs að lánsfé og efla verðmyndun á eftirmarkaði. Frá 1. júlí 2011 hafa fimm fjármálastofnanir heimild til að kalla sig aðalmiðlara með íbúðabréf. Þær eru: Arion banki hf., Íslandsbanki hf., Landsbankinn hf., MP banki hf. og Saga Fjárfestingarbanki hf.

Endurskoðuð útgáfuáætlun Íbúðalánasjóðs fyrir árið 2011 var birt undir lok mánaðarins og er áætluð útgáfa íbúðabréfa sjóðsins fyrir síðari hluta ársins 2011 til fjármögnunar nýrra útlána og afborgana 14-18 milljarðar króna að nafnvirði en 20-26 milljarðar króna að markaðsverði. Þá er áætlað að ný útlán á sama tímabili verði 12-16 milljarðar króna, þar af er gert ráð fyrir að lán til lögaðila nemi 2-3 milljörðum króna. Greiðslur vegna fjármögnunar sjóðsins eru áætlaðar 33-37 milljarðar króna síðari hluta árs.


Vísitala neysluverðs í júní 2011 hækkaði um 0,50% frá fyrra mánuði (hækkaði um 0,53% án húsnæðis). Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 4,2% og vísitalan án húsnæðis einnig um 4,2%. Undanfarna þrjú mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 2,2% sem jafngildir 9,2% verðbólgu á ári (7,9% verðbólgu fyrir vísitöluna án húsnæðis).

Ávöxtunarkrafa HFF 14 hækkaði í júní um 18 punkta frá fyrra mánuði og stendur í -0,77% í lok mánaðarins, ávöxtunarkrafa HFF 34 hækkaði um 3 punkta og stendur í 3,14% og HFF 44 hækkaði um 6 punkta og stendur í 3,22%. Ávöxtunarkrafa HFF 24 hækkaði um 11 punkta og stendur í 2,56% í lok mánaðarins.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 55,7 milljörðum króna í júní samanborið við um 74 milljarða í maí 2011.

Greiðslur íbúðalánasjóðs námu rúmum 11,2 milljörðum króna í júní, en þar af nam afborgun íbúðabréfa um 10,3 milljörðum króna. Uppgreiðslur í júní námu um 938 milljónum króna.

Útlánavextir Íbúðalánasjóðs 2008-2011



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2011

Í milljörðum króna	Áætlun Q2	Raun Q2	Áætlun 2011*	Raun jan-júní 2011
Útgáfa íbúðabréfa**	8 - 10	0,0	15 - 19	5,5
Samtals ný útlán ÍLS	7 - 9	6,9	13 - 17	12,8
Greiðslur ÍLS	17 - 19	19,8	30 - 37	38,4


*Skv. áætlun fyrir Q1 og Q2

**Útgáfa á nafnvirði

Endurskoðuð áætlun 2011

Í milljörðum króna	3Q	4Q	Samtals
Útgáfa íbúðabréfa (Nafnvirð)	7 - 9	7 - 9	14 - 18
Útgáfa íbúðabréfa (Áætlað markaðsverð)	10 - 13	10 - 13	20 - 26
Ný útlán ÍLS	6 - 8	6 - 8	12 - 16
Greiðslur ÍLS	15 - 17	15 - 17	33 - 37


Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa




Flokkur	Apr. 2011	Maí 2011	júní 2011	Meðal-líftími	Nafn-verð	Eft.st. nafn.
HFF14	-1,02%	-0,59%	-0,77%	1,7	70,7	27,8
HFF24	2,16%	2,45%	2,56%	6,0	164,2	119,9
HFF34	2,89%	3,17%	3,14%	10,2	173,2	148,1
HFF44	3,04%	3,28%	3,22%	13,9	265,9	242,8

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.
Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok júní '11.
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24, 9,6 ma. í flokki HFF34 og 9,6 ma. í flokki HFF44 sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.

Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



Útboð íbúðabréfa

